

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar vegna áforma um fjölgun íbúða í Ölkeldudal.

Skipulagsstofnun staðfesti 19. júní 2025 breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 sem samþykkt var í bæjarstjórn 10. apríl 2025.

Í breytingunni felst að íbúðarbyggð ÍB-5 í Ölkeldudal stækkar um 0,3 ha, opið svæði OP-3 minnkar um 0,5 ha, samfélagsþjónusta S-3 stækkar um 0,4 ha, afþreyingar- og ferðamannasvæði AF-2 stækkar um 0,2 ha, íþróttasvæði ÍP-5 minnkar um 0,6 ha og opið svæði OP-5 stækkar um 0,1 ha. Breytingin er gerð í tengslum við heildarendurskoðun deiliskipulags á öllu svæðinu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 19. júní 2025.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 3. júlí 2025